



## Nefndasvið Alþingis

### *Umsögn fræðslunefndar Fljótsdalshéraðs um framvarp til laga um gunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál*

Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs fjallaði um ofangreint frumvarp í 282. fundi sínum 12. nóvember 2019 og óskaði eftir að eftirfarandi væri komið á framfæri í því sambandi:

Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs leggur ríka áherslu á að komi til að ofangreind lagabreyting verði samþykkt sé tryggt að skuldbindingunni fylgi fjármagn til sveitarfélaganna. Sú staðreynd að mörg sveitarfélög hafa þegar ákveðið að tryggja grunnskólanemum gjaldfrjáls námsgögn getur engan veginn réttmæt forsenda þeirrar ályktunar að heildarkostnaðaráhrif frumvarpsins sé óverulegur fyrir sveitarfélögin. Verði gjaldfrjáls ritföng lögbundin hefur ríkisvaldið skuldbundið sveitarfélögin til að taka á sig kostnað sem fyrir sveitarfélag með um 500 grunnskólanemendum eins og við á á Fljótsdalshéraði nemur um 2 milljónum árlega á verðlagi 2019.

F.h. fræðslunefndar Fljótsdalshéraðs

Helga Guðmundsdóttir  
Fræðslustjóri



Hafnarfjörður 6. nóvember 2017

Umsögn fræðsluráðs Hafnarfjarðar við frumvarpi til laga um grunnskóla, nr. 91/2008

Neðangreind bókun 427. fundar fræðsluráðs Hafnarfjarðar er umsögn um frumvarp Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður):

*„Fræðsluráð leggur áherslu á að lagasetningunni fylgi fjármagn til sveitarfélaganna. Lagabreytingin hefur í för með sér auknar íþyngjandi kröfur á sveitarfélög sem myndi auka útgjöld bæjarfélags á stærð við Hafnarfjörð um 20 - 30 milljónir króna á ársgrundvelli. Slíkum lagasetningum þarf því að fylgja fjármagn“.*

Fh. fræðsluráðs

Fanney Dórothe Halldórsdóttir

Fanney Dórothe Halldórsdóttir sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

Komið þið sæl !

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 7. nóvember s.l. var tekið til umsagnar erindi frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis varðandi frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál.

Afgreiðsla bæjarráðs var eftirfarandi:

*Meirihluti bæjaráðs telur óþarfi að skylda sveitarfélög til að útvega nemendum gögn til persónulegra nota en bendir á að nú þegar útvegar Hveragerðisbær öllum nemendum þessi gögn rétt eins og velflest sveitarfélög landsins.*

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Aldís

---

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Alþingi


Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 15. nóvember 2019  
Erindi 201910355/50.13 LU

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (ritfangakostnaður)**

Mosfellsbær leggur áherslu á að lagasetningunni fylgi fjármagn til sveitarfélaganna. Verði af lagabreytingunni hefur hún í för með sér íþyngjandi kröfur á sveitarfélögin sem leiðir til aukinna útgjalda í fræðslumálum. Mikilvægt er að fjármagn fylgi slíkum lagabreytingum.

Virðingarfyllst,



Linda Udengárd

Framkvæmdastjóri fræðslusviðs





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2019

1911012SA VÓHS  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (ritfangakostnaður), 230. mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 25. október sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um grunnskóla (ritfangakostnaður), 230. mál. Frumvarpið leggur til að fellt verði á brott ákvæði grunnskólalaga um að opinberum aðilum sé ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

### **Könnun frá 2016 og áframhaldandi tilraunaverkefni**

Umræðan um gjaldfrjálsan grunnskóla, þar með talin námsgögn og skólamáltíðir koma reglulega til umræðu á vettvangi sveitarfélaganna. Árið 2016 vöktu samtökin Barnaheill, Heimili og skóli og Velferðarvaktin athygli stjórnvalda á að þarna var um að ræða umtalsverðar fjárhæðir fyrir fjölskyldur og farið var því fram á að heimildarákvæði í grunnskólalögum um gjaldtöku yrði fellt niður. Vissulega er sú lagabreyting í höndum Alþingis, en ekki liggur fyrir afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytisins til frumvarpsins.

Sambandið brást við erindum frá framangreindum samtökum í maí 2016 með því að kanna kostnað foreldra vegna námsgagna. Til grundvallar þeirri athugun voru listar frá grunnskólum víða um land um nauðsynleg námsgögn. Við skoðun á þessum listum kom í ljós að skólar gerðu mjög mismunandi kröfur um hvaða gögn nemendum ber að koma með í skólann. Kostnaðurinn var þar af leiðandi mjög mismunandi á milli sveitarfélaga. Mismunurinn gat einnig verið umtalsverður á milli skóla í sama sveitarfélagi. Í könnuninni kom fram að kostnaðurinn var mjög mismikill eftir skólum en meðalkostnaður var um kr. 8.000.- Í kjölfarið sendi sambandið ábendingu til skólanefnda og skólaskrifstofa þar sem vakin var athygli á þessum kostnaði og þeim tilmælum beint til skólanefnda og skólaskrifstofa að kanna framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi. Út frá könnuninni var heildarkostnaður vegna námsgagna nemenda talinn nema um kr. 352.000.000.- Ef sá kostnaður væri reiknaður út frá birtum gildum vísitölu framfærslukostnaðar og vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til verðbólgu hefur þessi kostnaður hækkað um 8,4% frá 2016 og nemur nú m.v. október 2019, kr. 381.702.169.-<sup>1</sup>

Á undanförunum árum hefur skapast mikill þrýstingur frá samfélaginu og ýmsum hagsmunahópum á sveitarfélögum að greiða þennan kostnað. Mikill meirihluti sveitarfélaga hefur orðið við þeirri ósk en þó er vert að hafa í huga að það hefur í allmörgum tilvikum verið gert sem tilraunaverkefni, t.a.m. í Hafnarfirði.

<sup>1</sup> Fjöldi barna á grunnskólaaldri á landinu, m.v. 1. janúar 2018, telja nú 45.744 börn.

## Kostnaðarmat

Sveitarfélögin eru sjálfstæð stjórnvöld, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrár. Þá hafa sveitarfélögin sjálfstæða tekjustofna og sjálfstætt vald, innan ramma laga, til að taka ákvarðanir um nýtingu þeirra og ráðstöfun, sbr. 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár og nánari fyrirmæli í sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki á sig kostnað vegna gagna sem nemendur munu nota til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír sem sveitarfélögunum ber ekki skylda til samkvæmt gildandi lögum og sem ekki var gert ráð fyrir þegar samið var um yfirfærslu grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga árið 1996.

Þrátt fyrir að um sé að ræða þingmannafrumvarp telur sambandið mikilvægt að vísa til 129. gr. sveitarstjórnarlaga, sem kveður á um skyldu til að láta fara fram sérstakt mat á áhrifum lagafrumvarps á fjárhag sveitarfélaga. Afstaða sambandsins er sú að ekki sé eðlilegt að gerðar séu minni kröfur til þingmannafrumvarpa heldur en stjórnarfrumvarpa, heldur sé það eðlilegur þáttur í afgreiðslu mála á Alþingi að kalla eftir fullnægjandi mati á áhrifum mögulegra lagabreytinga. Ekki er fullnægjandi að vísa til könnunar Velferðarvaktarinnar eingöngu heldur verður að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins með sérstöku mati, sér í lagi í ljósi þess að sveitarfélög, sum hver hafa tekið þátt í þessum kostnaði sem tilraunarverkefni. Í kafla frumvarpsins sem fjallar um mat á áhrifum þess segir einungis:

*Grunnskólar eru reknir á vegum sveitarfélaganna og árið 2017 voru í þeim 45.195 börn. Samkvæmt könnun Velferðarvaktarinnar árið 2018 eru nú 67 af 72 sveitarfélögum með gjaldfrjáls námsgögn fyrir grunnskólanemendur. Jafnframt reka ekki öll þau sveitarfélög sem eftir standa grunnskóla skólaárið 2019-2020 auk þess sem þar býr aðeins um 1% landsmanna. Með tilliti til þess og að meiri hluti umræddra sveitarfélaga hefur þegar ákveðið að draga úr kostnaðarþátttöku grunnskólanema má ætla að heildarkostnaður frumvarpsins sé óverulegur fyrir þau sveitarfélög sem eftir standa.*


Með hliðsjón af fjármálakafla sveitarstjórnarlaga og þeim kröfum sem þar eru gerðar, verður að telja að þær tillögur sem lagðar eru til í frumvarpinu verði að fara í gegnum sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Enn fremur, verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats á lagafrumvarpi skal gera sérstaka grein fyrir því í kostnaðarumsögn sem skal fylgja með frumvarpi þegar það er lagt fyrir Alþingi, sbr. 4. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Lokaorð

Sú röksemd að þessi kostnaður sé íþyngjandi fyrir tekjulágar fjölskyldur á fyllilega rétt á sér og tekur sambandið því undir margt sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. En eins og fram hefur komið er lagaleg skylda sveitarfélaganna ljós. Allar tillögur að breytingum sem munu hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin verður þó að kostnaðarmeta frá grunni. Verði ákvörðun tekin um að auka útgjöld sveitarfélaga með lagaboði er ljóst að um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða og óvíska er um hvort að fjármagn fylgi með frá ríkinu. Sambandi leggst því gegn

samþykkt frumvarpsins nema tryggt verði að sveitarfélögunum verði bættur sá  
kostnaðarauki sem af því hlýst.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri







Alsherjar og menntamálanefnd Alþingis

Alþingishús  
150 REYKJAVÍK

***Efni: Umsögn skóla- og frístundaráðs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. nóvember 2019 var lögð fram meðfylgjandi umsögn skóla- og frístundaráðs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Umsögn skóla- og frístundaráðs var samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er réttlætis- og jafnréttismál að öllum börnum í skólum borgarinnar séu tryggð jöfn opinber framlög til sinnar skólagöngu, óháð rekstrarformi skóla eða eignarhaldi. Opinber framlög til menntunar ættu að vera eign barnanna og fylgja þeim í gegnum skólagöngu sína. Með jöfnum framlögum, óháðum rekstrarformi skóla, má komast hjá því að börn og foreldrar þeirra þurfi að greiða skólagjöld í sjálfstætt starfandi skólum. Óumdeilt er að slíkir skólar auka fjölbreytni í skólahlaldi og eru mikilvæg viðbót í valkostum barna og foreldra varðandi menntun. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skólaráði fagna því að með frumvarpinu skuli vera lagt til að skref í þá átt verði tekin. Engu að síður er mikilvægt að vanda til slíkra breytinga, að þær séu byggðar á réttum upplýsingum og raunverulegum samanburði. Auk þess er mikilvægt að rýna vel fjárhagsleg áhrif tillögunnar á rekstur skóla- og frístundasviðs sem og borgarsjóð. Eðlilegra væri þó að tillaga í átt að auknum jöfnuði skólabarna í Reykjavík kæmi frá borgaryfirvöldum sjálfum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans áréttu að það er eindregin afstaða borgarstjórnarmeirihlutans að auknar fjárveitingar eða tilfærsla tekjustofna þurfi að fylgja með þeim breytingum á lögum eða reglugerðum sem skapi sveitarfélögum aukinn kostnað. Þó rétt væri að slík kostnaðarþátttaka væri sjálfsögð þegar verkefni sem sveitarfélögum hafa verið falin stækka að umfangi, hvort sem það er ákveðið af sveitarfélögum sjálfum eða með lagasetningu, verður það að vera krafa að þegar slík aukning er að frumkvæði og kröfu löggjafans þá sé gert ráð fyrir að auka tekjur sveitarfélaga til jafns við þann kostnaðarauka sem af verður.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs


## Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. mál

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á 1. mgr. 43. gr. b laga um grunnskóla með þeim hætti að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla skuli nema að lágmarki 90% af vegnu meðaltali heildarrekrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands í stað 75% nú. Vegna skóla með allt að 200 nemendur, skuli framlagið vera að lágmarki 85% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda í stað 70% nú.

Í sáttmála þeirra flokka sem standa að meirihlutanum í Reykjavík segir: „Megináhersla verður lögð á borgarreknar menntastofnanir og áfram verður stutt við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.“ Í Reykjavík eru starfandi sex sjálfstætt starfandi grunnskólar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Auk þess er greitt framlag til fjögurra sjálfstætt rekinna grunnskóla í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur styður val foreldra til að velja skóla fyrir börn sín og tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins að kostnaður sem kemur til vegna skólagjalda geti verið ríkur og óæskilegur áhrifaþáttur við val á skóla. Leiðir til að minnka þennan áhrifaþátt yrðu því af hinu góða.

Skóla- og frístundaráð leggur þó á það ríka áherslu að stjórnvöld leggi ekki auknar skyldur á sveitarfélögin, án þess að þeim verði tryggt fjármagn til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem óhjákvæmilega munu fylgja þeim breytingum. Í því sambandi er mikilvægt að rýna fjárhagsleg áhrif tillagnanna á fjárhag sveitarfélaganna og tryggja að framlag ríkisins til þeirra sveitarfélaga þar sem sjálfstætt starfandi grunnskólar eru starfræktir verði hækkað til að mæta að fullu þeim auknum útgjöldum sem umrædd lagabreyting myndi hafa í för með sér fyrir viðkomandi sveitarfélög.



**Umsögn varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008  
(ritfangakostnaður)**

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi er hjartanlega sammála því að persónuleg námsgögn ættu að vera gjaldfrjáls, hinsvegar álítur ungmennaráðið þetta frumvarp vera sérkennilegt.

Að eingöngu fella 3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laga er að mati ungmennaráðsins ekki nóg. Bæta þurfti við í 31.gr. að opinberum aðilum er skylt að útvega börnum persónuleg gögn t.d ritföng og pappír. Þau lög gætu tekið gildi seinna en haft mun meiri áhrif. Hafið í huga að ungmennaráðið hefur ekki leitað til til lögfróðra einstaklinga til að spyrjast fyrir um málið, en að mati ungmennaráðsins er það ekki sama sem merki að fella setninguna úr lögum og að veita gjaldfrjáls persónuleg námsgögn. Ef að tilgangurinn með frumvarpinu er að veita gjaldfrjáls námsgögn þá er þetta mjög einkennileg leið til þess. Hægt væri að bæta við lögin hvaða persónulegu gögn hið opinbera skuli gera aðgengileg. T.d ætti hið opinbera að útvega skólatöskur og reiknivélar? Ætti hið opinbera að útvega tölvur? Hvaða námsgögn eru nauðsynleg fyrir börn? Frumvarpið er því miður frekar innihaldslaust og markmið þess ekki skýrt. Frumvarpið er jákvætt en mætti bæta til muna.

**Úrdráttur:** Ungmennaráðið mælir með frumvarpinu en óskar þess að bætt verði við klausu sem skyldar opinbera aðila til að útvega ákveðin persónuleg námsgögn eða allavegana gera þau aðgengileg, s.s að nemendur gætu fengið blýanta, pappír, stílabækur hjá kennara eða skóla. Útfærslan á þessu ætti alltaf að vera gerð í samráði við börn og Umboðsmann barna.

Að lokum viljum við þakka allsherjar og menntamálanefnd fyrir að hafa leitað ráða við ungmennaráðið. Vonum við að hún muni halda áfram að leita til barna og ungmenna þegar kemur að málefnum varðandi menntamál.

**Fyrir hönd ungmennaráðs UNICEF á Íslandi,  
Oddviti UUÍ**

---